

Nefndarsvið Alþingis  
Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 15. nóvember 2013

Umsögn Samiðnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1971 þingskjal 19-19 mál.

Samiðn leggur til að frumvarpið verði samþykkt og verði að lögum eins og það er lagt fram. Tilfærsla á frídögum að helgum hefur komið til umræðu í tengslum við gerð kjarasamninga og í núgildandi kjarasamningum er heimild til að taka slíkt upp í fyrirtækjasamningum. Kjarasamningsákvæðið gengur mun skemur og tekur fyrst og fremst til tilfærslu á fimmtudagsfrídögum að föstudögum eða mánudögum. Í þessu fyrirkomulagi felst ekki aukinn kostnaður fyrir fyrirtækin þar sem vinnuskyldan flyst til. Frumvarpið gerir hinsvegar ráð fyrir að frídagar sem falla á helgar skapi rétt til frídags á virkum degi. Hér er því gengið mun lengra en kjarasamningsákvæðið kveður á um en eins og áður segir tryggir það eingöngu réttinn á tilfærslu. Verði frumvarpið að lögum mun það leiða til fjölgunar frídaga þegar til lengri tíma er litið.

F.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga



---

Þorbjörn Guðmundsson